



Fundargerð

Fundur í framkvæmdastjórn Sósíalístaflökks Íslands 19. febrúar 2018. Haldinn í Hlutverkasetri.
Fundur hófst kl. 19:12.

Mætt voru Gísli Pálsson, Gunnar Smári Egilsson, Margrét Pétursdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Hákon Sveinsson og Viðar Þorsteinsson.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2 · Sveitastjórnarkosningar

Gunnar Smári vinnur áfram að skipun kjörnefndar með Atla.

Rætt var almennt um áherslur og nálgun, til að mynda þá hugmynd að vera málsvarar tiltekinna hópa en um leið túlka sósíalíska stefnu í málaflokkum, t.d. grunnskóla- og leikskólamálum.

Fyrsti maí yrði hugsaður sem ákveðinn hápunktur kosningabaráttunnar og yrði á sama tíma uppskerufundur eftir VR og Eflingarkosningar. Fyrir 1. maí yrðum við búin að ná til fátækra ellilífeyrisþega, leigjenda og fleiri hópa. Sex efstu á lista yrðu hörkuteymi með sterkum fulltrúum úr þessum hópum og vísun í þá, en jafnframt jarðvegur sem fleiri kandidatar kæmu úr.

Forystan þyrfti helst að liggja fyrir 10.-15. apríl, og yrði það þá mjög stutt kosningabarátta.

Rætt var um mikilvægi þess að ræða um borgarmálin á hugsjónalegum nótum og tekin dæmi um hvernig það yrði gert í ýmsum málefnum, til að mynda skóla- og húsnæðismálum.

3. Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar.

Fram kom að málið er í vinnslu.

4. Tengingar inn í hópa aldraðra, fátækra, öryrkja, leigjenda, innflytjenda ...

Var rætt undir sveitastjórnarmálum.

5. Ungir sósíalistar.

Sanna Magdalena var hvött til að halda áfram starfi Ungra sósíalista og var rætt lauslega um ýmsa möguleika í því sambandi.

6. Útgáfa, fundir, áróður, kynning. Starf undirhóps og efling skrifa inn á heimasíðuna.

Málefnið var rætt óformlega og ekkert bókað.

7. Fjárhagur

Fjármálin voru rædd óformlega og ekkert bókað.

8. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.